

REYKJAVÍKURBORG

DESEMBER 2018

ÞJÓNUSTA VIÐ ÍBÚA HJÚKRUNARHEIMILA

Greiningar- og aðgerðaáætlun með aðferðafræði
kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar



Inngangur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skipaði með erindisbréfi dagsettu 2. október 2018 hóp með þeim tilgangi að greina hjúkrunarheimili á þeirra vegum með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags – og starfáætlunar (KFS). Markmiðið var að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiddi til jafnréttis. Komi í ljós að svo er ekki á hópurrinn að leggja til aðgerðir til að svo mætti verða. Hlutverk hópsins var því að greina útgjöld velferðarsviðs til hjúkrunarheimila út frá kyni og aldri notenda árið 2017 með áður greindri aðferðafræði. Starfstími hópsins var 5. október – 5. desember 2018.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur tvö hjúkrunarheimili Droplaugarstaði og Seljahlíð. Þessi tvö hjúkrunarheimili eru um margt mjög ólík. Fyrst ber að nefna að Droplaugarstaðir hefur mun fleiri hjúkrunarrými eða 82 rými á móti 20 rýmum Seljahlíðar. Þar að auki er í Seljahlíð blandaður rekstur þessara 20 hjúkrunarrýma og 52 rýma í þjónustuíbúðum.

Ábyrgðarmaður verkefnisins er Regína Ástvaldsdóttir, en hópinn skipuðu Margrét Árdís Ósvaldsdóttir sem var hópstjóri, Jórunn Frímansdóttir Jensen og Ketill Sigurðsson. Til ráðgjafar var Bryndís Eva Sverrisdóttir.

Samantekt

Skoðuð var þjónusta við íbúa hjúkrunarheimilanna Droplaugarstaða og Seljahlíðar með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerða. Kostnaður við þjónustu við íbúana árið 2017 var greindur m.t.t. aldurs og kyns.

Gögn sem skoðuð voru voru íbúaskrá heimilanna, greiðslupátttaka íbúa í hjúkrunargjaldi frá Sjúkratryggingum Íslands, meðaldvalartími og pátttaka íbúa í ýmiss konar iðju og sjúkrapjálfun. Einnig voru niðurstöður úr RAI mati um hjúkrunarþyngd skoðaðar, en Hópurinn taldi einnig áhugavert að skoða hverjir m.t.t. kyns væru skráðir sem fyrstu aðstandendur íbúanna. Að lokum var samsetning mannaflans við þjónustuna greindur út frá kyni, aldri og starfsheiti.

Helstu niðurstöður

1. Aldur og kyn íbúa, eins og við mátti búast eru konurnar fleiri og meðalaldur þeirra hærri en karla.
2. RAI mat
3. Dvalarlengd
4. Greiðslupátttaka íbúa
5. Sjúkrapjálfun
6. Aðstandandi nr. 1
7. Starfsfólk eftir kyni
8. Starfsfólk fag og ófagmenntað

9. Laun eftir kyni
10. Starfsfólk með erlent ríkisfang

Grunntöflur íbúa hjúkrunarheimilanna

Meðalaldur og kyn íbúa

Tölur um aldur og kyn íbúa á hjúkrunarheimilum Reykjavíkurborgar voru fengnar af báðum stöðum en til að getað borið saman Reykjavík í heild voru tölur fengnar úr VELSTAT. Það er rétt að taka fram að þó að það séu 82 rými á Droplaugastöðum og 20 í Seljahlíð þá eru fjöldatölur hærri þar sem þær ná yfir alla sem dvöldu á hjúkrunarheimilunum árið 2017. Í raun sýnir munurinn á fjölda rýma og fjölda einstaklinga þá sem fluttu eða létust á árinu 2017. Aldursbilið á íbúum var milli 55 ára og 105 ára en yfir 80% íbúa voru komnir yfir áttætt. Meðalaldur kvenna er hærri á báðum stöðum.

Í töflu 1 kemur fram íbúa samsetningin eftir kyni og aldri. Hlutall kynja er mjög svipað á þessum stöðum þar sem konur eru í miklum meirihluta 74% á Droplaugarstöðum og 72% í Seljahlíð. Einnig er meðalaldur kvenna hærri á báðum stöðum. Þetta kemur heim og saman við það þegar hlutfall kyns fyrir 90+ hópinn er skoðað yfir sama tímabil að í þeim flokki er konur 72%. Almennt er meðalævi kvenna lengri en karla, eins og endurspeglast á þessum hjúkrunarheimilum.

Tafla 1. Fjöldi íbúa hjúkrunarheimila eftir kyni og aldri

Hjúkrunarheimili	Hlutfall kynja		Meðalaldur			
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
Droplaugarstaðir	34	97	26%	74%	82	89
Seljahlíð	7	18	28%	72%	86	92
Hjúkrunarheimili alls	41	115	26%	74%	84	91

RAI mat

RAI (e. Resident Assessment Instrument) er mælitæki sem metur hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilum með áherslu á gæði þjónustunnar sem veitt er. Hærra RAI mat þýðir að íbúar þarfnast meiri og dýrari þjónustu. Fjármagn frá Ríkinu til hjúkrunarheimila er beintengt við RAI mat þar sem hærra RAI mat þýðir meira fjármagn frá ríki í gegnum daggjöld.

Eins og sést á töflu 2 er RAI matið töluvert herra á Droplaugastöðum fyrir bæði kynin. Sem þýðir að hægt er að taka við fólki sem þarfnast meiri þjónustu en í Seljahlíð. Helsta skýringin er að á Droplaugarstöðum eru eingöngu hjúkrunarrými og mönnun faghópanna önnur, þar eru t.d. hjúkrunarfræðingar allan sólarhringinn, en fyrir 20 hjúkrunarrými í Seljahlíð starfar færri fagfólk og hjúkrunarfræðingar t.d. eingöngu á bakvakt um nætur og þess vegna geta ekki eins veikir einstaklingar búið í Seljahlíð en þar mælast kynin jafnhá í RAI mati.

Tafla 2. RAI mat eftir kyni og árum

RAI mat	Karlar	Konur
Droplaugarstaðir	1,18	1,14
Seljahlíð	1,02	1,02
Hjúkrunarheimili alls	1,10	1,08

Dvalartími íbúa

Þegar skoðaður er meðaldvalartími íbúa á heimilunum eru niðurstöður mjög ólíkar. Í Seljahlíð dvelja bæði kynin lengur og karlar þar lengst af öllum eða tæp 3 ár. Helsta ástæðan fyrir þessari dvalarlengd er að almenn heilsa íbúa er stöðugri og lífsógnandi vandi íbúa kannski minni við komu í Seljahlíð en við komu á Droplaugastaði.

Tafla 3. Dvalarlengd kynja

	Dvalarlengd kynja	
Dvalarlengd í árum	Karlar	Konur
Droplaugarstaðir	1,6	1,9
Seljahlíð	3,2	2,7
Hjúkrunarheimili alls	2,4	2,3

Greiðslupátttaka íbúa

Eins og komið hefur fram hér að ofan eru hjúkrunarheimili fjármögnuð af stærstum hluta með daggjöldum frá ríkinu en íbúar geta þurft að taka þátt í greiðslu dvalargjalds ef tekjur þeirra eru yfir ákveðnum mörkum, þ.e. greiðslupátttaka íbúa í dvalargjaldi fer eftir tekjum og eignum hvers og eins.

Samkvæmt töflu 4 þá er hlutfall greiðslupátttöku kvenna mun hærra en karla eða vel yfir 70% á báðum stöðum en konurnar eru líka fleiri eins og áður hefur komið fram. Töluverður munur er milli heimilanna þegar kemur að upphæð greiðslupátttöku sem er nánast helmingi minni í Seljahlíð.

Eins og komið hefur fram hér að ofan þá er lægra RAI mat og lengri dvalarlengd hjá íbúum Seljahlíðar sem getur skýrst af því að íbúar þar hafa sumir verið lengi, jafnvel áratugi í félagslega kerfinu vegna langvarandi sjúkdóma eins og geðsjúkdóma og /eða fötlunar og eiga því kannski ekki jafn langa atvinnusögu, hafa lifað á lágmarkslaunum eða verið á örorku stóran hluta starfsævinnar og fara því fyrr á hjúkrunarheimili en almennt gerist.

Tafla 4. Greiðslupátttaka íbúa sem hlutfall af heildargreiðslum og meðal greiðslupátttaka eftir kyni

Greiðslupátttaka íbúa	Hlutfall greiðslupátttöku		Meðal greiðslupátttaka	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Droplaugarstaðir	25%	75%	99.963 kr.	111.277 kr.
Seljahlíð	22%	78%	43.078 kr.	61.459 kr.
Hjúkrunarheimili alls	24%	76%	71.521 kr.	86.368 kr.

Sjúkraþjálfun

Hlutfallsega fara karlar meira í sjúkraþjálfun þeir eru að meðaltali 81 mín per viku á móti 55 mín kvenna á báðum stöðum. Ef við berum saman töflu 1 og 5 kemur í ljós að karlar eru 26 % íbúa en nýta sjúkraþjálfunarstundir 39%. Mögulega væri ein skýringin þarna að konur sækja sér gjarna meira sjálfar félagsskap og eru því virkari í ýmiss konar annari iðju eins og handverki o.fl. sem oft gerir þær betur í stakk búnað bæði varðandi andlega og líkamlega getu.

Tafla 5. Sjúkraþjálfun sem hlutfall og notkun eftir kyni

Sjúkraþjálfun	Hlutfallsleg skipting		Meðaltal mín per viku	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Droplaugarstaðir	31%	69%	85	67
Seljahlíð	47%	53%	77	43
Hjúkrunarheimili alls	39%	61%	81	55

Grunntöflur starfsfólks hjúkrunarheimilanna

Starfsfólk eftir kyni

Meginþorri starfsmanna eru konur eða 85 %.

Höfða störf í þjónustu við aldraða síður til karla eða gerum við ekki nægjanlega mikið í því að koma því á farmfæri hvað störf í þjónustu við aldraða geta verið gefandi og skemmtileg ekki síður fyrir stráka/karla en stelpur/konur, eins og gert hefur verið t.d. með störf fyrir og með börnum.

Tafla 7. Starfsfólk eftir kyni

<i>Hjúkrunarheimili</i>	<i>Fjöldi starfsfólks</i>		<i>Hlutfall kynja</i>	
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
<i>Droplaugarstaðir</i>	38	186	17%	83%
<i>Seljahlíð</i>	5	61	8%	92%
<i>Hjúkrunarheimili alls</i>	43	247	15%	85%

Hlutfall fag - og ófagmenntaðra starfsmanna eftir kyni

Í töflu 8 er tekinn saman hlutfall fag- og ófagmenntaðra starfsmanna. Fleiri konur eru fagmenntaðar en karlar eða rétt undir fjórðungi af körlum en þriðjungur kvenna. Hlutfallið er mjög svipað milli hjúkrunarheimilanna en á báðum stöðum eru konur í flestum stjórnendastöðum og báðir forstöðumennirnir eru konur.

Tafla 8. Hlutfall fagmenntaðra/ ófagmenntaðra eftir kyni

<i>Hjúkrunarheimili</i>	<i>Hlutfall starfsfólks fagmenntað</i>		<i>Hlutfalls starfsfólks ófagmenntað</i>	
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
<i>Droplaugarstaðir</i>	24%	34%	76%	66%
<i>Seljahlíð</i>	20%	33%	80%	67%
<i>Hjúkrunarheimili alls</i>	22%	33%	78%	67%

Laun eftri kyni

Konur hafa hærra meðallaun á mánuði eins og búast mátti við þar sem fleiri konur eru í stjórnunarstöðum eins og sést á töflu 9. Munurinn er þó ekki mikill þar sem að karlar eru aðeins 15 % starfsmanna en 22% fagmenntaðra. Þannig að þó konur séu í flestum stjórnunarstöðunum eru þær líka hlutfallslega fleiri ófagmenntaðar sem kemur þannig út að ekki er mikill munur á meðallaunum karla og kvenna.

Tafla 9. Heildar meðallaun kynja

<i>Hjúkrunarheimili</i>	<i>Meðallaun á mánuði</i>	
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
<i>Droplaugarstaðir</i>	467.255 kr.	480.433 kr.
<i>Seljahlíð</i>	414.735 kr.	470.299 kr.
<i>Hjúkrunarheimili alls</i>	457.493 kr.	477.374 kr.

Starfsfólk með erlent ríkisfang

Samkvæmt töflu 10 er þó nokkuð af starfsfólki með erlent ríkisfang, hér er einungis átt við fólk sem er bara með erlent ríkisfang en ekki tvöfaldan ríkisborgararétt. Í þessum hópi eru konur fjölmennari en karlar eða 11 á móti 32. Áhugavert er að sjá að fjórðungur karla sem eru starfandi hafa erlendan ríkisborgarrétt sem er mun stærra hlutfall en meðal kvenna.

Tafla 10. Starfsfólk með erlent ríkisfang eftir kyni

<i>Hjúkrunarheimili</i>	<i>Fjöldi starfsfólks með erl.</i>		<i>Hlutfall kynja</i>	
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
<i>Droplaugarstaðir</i>	11	27	29%	15%
<i>Seljahlíð</i>	0	5	0%	8%
<i>Hjúkrunarheimili alls</i>	11	32	26%	13%

Niðurstaða

niðurstaða þessarar skoðunar er sú að verið sé að bera saman epli og appelsínu, sem aldrei er gott. Ljóst er þó að bæði heimilin myndu njóta góðs af fjölgun karla við störf, það myndi vafalítið víkka sjóndeildarhringinn í þjónustu við karla.

Margrét Árdís Ósvaldsdóttir

Jórunn Ósk Frímannsdóttir

Ketill Sigurðsson

Í stefnu Reykjavíkurborgar til framtíðar er að jafna hlut kynjanna í allri stjórnsýslu og þjónustu. Til ársins 2060 mun hlutfall aldraðra af íbúafjölda landsins vaxa úr 11% í 23% skv. spá Hagstofu Íslands.

Ljóst þótti að þar sem ólifuð meðalævi kvenna er lengri en karla væru konur á heimilunum fleiri en karlarnir, sem einnig var niðurstaðan.